

Á R S S K Ý R S L A
skógarvarðarins á Vesturlandi
1988

Á R S S K Ý R S L A

1 9 8 8

1. VEÐURFAR.

Veturinn var um Vesturland heldur kaldari en í meðalárferði. Apríl var mjög kaldur, en maímánuður hagstæður. Meðalhiti sumarsins var 1/2- 1° C undir meðallagi. Einkum var júní kaldur. Þrívegis gerði mikið hvassviðri, sem léku trjágróður, einkum lauftré, mjög illa. Hið fyrsta stóð 17.-19. júní, annað var í júlílok og hið þriðja um höfuðdag.

2. VÖXTUR OG ÞRIF.

Segja má að Jafnaskarðsskógr hafi verið allaufgaður 4. júní. Eftir hvassviðrið laust eftir miðjan júní sá mikið á skóginum. Einkum var alaskaösp illa leikin eftir hvassviðri sumarsins, og verður sjálfsagt lengi að ná sér að fullu. Jafnaskarðsskógr féll í lok septembermánaðar.

Hæðarvöxtur barrtrjáa var með besta móti og má þakka það hagstæðu veðurfari sumarið 1987.

Fræfall á birki var í meðallagi, en frægæði lítil.

3. STARFSFÓLK.

Útgerð hófst 5/6 og stóð til 26/8. Lengst af voru hér starfandi 4 piltar og 2 stúlkur auk ráðskonu og Birgis Haukssonar verkstjóra.

4. GIRÐINGAR.

Girðingar komu fremur vel undan vetrí og viðhald því fremur lítið. Eins og um getur í skýrslum fyrri ára, hefur viðhald nokkurra girðinga verið látið sitja á hakanum sökum fjárskorts, og á þetta einkum við þær girðingar, sem fjærstar eru.

Girt var tæplega 300 hektara girðing í Hreðavatnslandi. Innan þessarar girðingar er nær allt kjarr- og skóglendi Hreðavatns vestan þjóðvegar, svö og land það, sem vænlegt er til skógræktar.

Girðingin er 4.3 km að lengd, þar af 3.8 km rafmagnsgirðing. Girðingarstæði er þarna afar erfitt og vegleysi algert. Fjórhljólið, sem keypt var 1987 sannaði nú gildi sitt.

5. SKÓGARHÖGG.

Nokkur grisjun var í Jafnaskarðsskógi, einkum sitkabastarði í Merkjaborgarbrekum. Seldir voru 60 pokar af arinnviði.

Höggvin voru jólatré sem hér segir:

| Hæð cm | Rauðgreni | Stafafura | Furutoppar 76 |
|----------------------|----------------|----------------|------------------|
| 70 - 100 | 51 | 9 | |
| 101 - 125 | 78 | 41 | |
| 126 - 150 | 61 | 54 | |
| 151 - 175 | 43 | 33 | |
| 176 - 200 | 40 | 5 | |
| 201 - 250 | 12 | 2 | |
| Samtals | 285 | 144 | 76 |
| Andvirkni kr. | 173.910 | 119.970 | 13.680 |

6. GRÓÐRSETNING.

Á Hreðavatni:

| | |
|---------------------------------|--------------|
| Sitkagreni 2/2 Taraldsøy | 1.600 |
| --- --- 1/3 --- --- | 3.600 |
| Stafafura 1/0 --- --- | 1.470 |
| Birki 1/0 Haukadal | 2.880 |
| | 9.550 |

Í Litla-Skarði:

| | |
|---------------------------------|---------------|
| Sitkagreni 2/3 Taraldsøy | 8.400 |
| --- --- 2/2 --- --- | 400 |
| Stafafura 1/0 --- --- | 8.250 |
| Sitkabast. 1/0 Kenai | 4.500 |
| | 21.550 |

Á Hörðubóli:

| | | |
|---------------------------------|------------|------------|
| Sitkagreni 2/2 Taraldsøy | 440 | 440 |
| Samtals 31.540 | | |

7. HIRDING.

Aðeins var borið á rauðgreni í Jafnaskarðsskógi, væntanleg jólatré, og hirt um skjólbelti og sitkagreni heima á Hreðavatni.

8. BYGGINGAR.

Þar sem Hreðakot þótti nú óþarf, eftir að leigusamningar tókust um Hreðavatn, varð úr að húsið var flutt í einu lagi að Mosfelli í Grímsnesi. Væntanlega fær Vesturlandsdeildin

einhverja umbun fyrir það, enda nauðsynlegt að gera talsverðar lagfæringar á Hreðavatnshúsínu.

Heimtaug og rafmagn var sett í skemmunu. Skemman þéttuð, litla viðbyggingin einangruð og sett í hana gólf.

9. VÉLAR OG VERKFÆRI.

Fengum í júlí nýjan bíl, fimm manna pallbifreið af Toyota-gerð, og hefur hann reynst ágætlega.

10. ÝMISLEGT.

Veiðifélag Norðurár átti forkaupsrétt að lóð undir veiðihúsínu við Norðurá og notfærði sér hann. Kaupuerð var kr.

1.100.000.-

Dagana 31. maí og 1. júní sat ég SNS-fund, sem haldinn var í Stykkishólmi. Dagana 8.-11. ágúst fór ég í eftirlitsferð um Vestfirði. Þá sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Reykholti 27.-28. ágúst. Eina ferð fór ég um Snæfellsnes í október. Að öðru leyti voru ferðalög með venjulegu móti.

Mógilsá í janúar 1989

Mitschulzettel der Schuleckma in 6. Klasse des 3. Schuljahr und Datum 05.3.05 zum Landeskunsttag 188

| Schulzettel | Jam. | Schn. | Math | Geogr. | Math | Geogr. | Sept | Okz. | Nov. | Der | Juni | Übers- | Kunst |
|--|------|-------|------|--------|------|--------|------|------|------|-----|------|--------|-------|
| Stadtbaudenkmalen) $\div 5.4 \div 2.9 \div 2.8 \div 1.2$ | | | | | | | | | | | | | - |
| Stadtbaukosten (Hauspreis) $\div 2.7 \div 1.4 \div 1.8 \div 0.8$ | | | | | | | | | | | | | |
| Städtebaulichkeit $\div 2.0 \div 2.0 \div 2.7 \div 1.5$ | | | | | | | | | | | | | |
| Städtebaudar. Delt. $\div 4.2 \div 2.0 \div 2.7 \div 1.5$ | | | | | | | | | | | | | |
| Tellaz. Distanz. $\div 3.6 \div 2.5 \div 3.2 \div 2.1$ | | | | | | | | | | | | | |
| Öster. Tiefenabsp. $\div 3.3 \div 2.8 \div 3.1 \div 1.9$ | | | | | | | | | | | | | |
| Waldhauer (Küla). $\div 5.1 \div 2.6 \div 3.2 \div 1.9$ | | | | | | | | | | | | | |
| Aktenzettel $\div 4.7 \div 2.7 \div 2.7 \div 1.8$ | | | | | | | | | | | | | |
| Eigentümerkarte $\div 5.3 \div 2.9 \div 3.3 \div 2.2$ | | | | | | | | | | | | | |
| Heil. Raumgr. $\div 4.2 \div 2.8 \div 1.4 \div 0.7$ | | | | | | | | | | | | | |

→ Brücke in Niedwändel er weitentfernt. Von Moldekü 1167 mm verlängert

Um skógrækt í Norðtunguskógi.

Norðtunguskógor var löngum talinn með betri skógum á Vesturlandi. Í Jarðabók A.M. segir svo um Norðtungu: "Raftviðarskög, kolagjörðar og eldiviðar hefur jörðin enn nú nögan" Um sl. aldamót kom C.E. Flensburg í skógin og tók þar myndir sem sýna, að þar hefur verið ágætur birkiskógor.

Það mun hafa verið milli 1920 - 30 að skógurinn var grisjaður mjög mikið i einni umferð og afleiðingin varð sú að hann væðkféll á næstu árum. Má segja að skógurinn hafi ekki náð sér enn, nema sá hluti sem friðaður var 1929.

Skógrækt ríkisins keypti skógin 1948 og var þá og á næstu árum gróðursett talsvert af skógarfuru innan gömlu girðingarinnar.

A þessum árum ríkti mikil bjartsyni og vorhugur um skógrækt, og var talið v恩legast að gróðursetja barrviði þar sem birki óx fyrir. Arið 1955 leigir svo Skógrækt ríkisins Kaupfélagi Borgfirðinga 100 hektara úr Norðtunguskógi á erfðafestu. Leigutaki skuldbatt sig til þess að hafa gróðursett í landið að fullu á 50 árum. Allar landsnytjar skyldu verða eign leigutaka. Skógrækt ríkisins girti svo allan skógin sumarið 1956.

Um árabil var rösklega unnið að gróðursetningu í Norðtunguskógi, en síðan dofnæði yfir starfseminni, einkum eftir að veðurfar kólnaði á sjöunda áratugnum. Það kom sem sé i ljós, að vöxtur og þrif voru mun lakari en menn höfðu v恩st. Einkum eru það sumarfrost sem standa fyrir þrifum margra tegunda. Skógurinn er í dalbotni og er hinn mesti "frostpollur" og naturfrost getur orðið þar í öllum sumarmánuðum. Djúpt er á jarðvatni í skóginum, og verður jarðvegur mjög burr í burkatið.

Skal nú stuttlega sagt frá því, hvernig hinum ymau trjátegundum, sem gróðursettar hafa verið í skóginum, hefur vegnað.

Skógarfura var talsvert gróðursett framan af og lofaði góðu. En fljóttlega fór furulúsin að herja á hana, og hefur hún gengið af henni dauðri að mestu. Órfá lúsaðlaus tré eru í skóginum, en þau hafa vaxið afar hægt.

Rauðgreni var mikið gróðursett. Afföll við gróðursetningu hafa ekki verið mikil, en jarðvegur er viðast hvar of magur fyrir

þessa tegund. Það hefur komið í ljós, að þegar rauðgrenið vex uppfyrir birkið stöðvast heðarvöxtur að mestu, vegna þess að vindálagið verður meira en tegundin þolir. Köldu sumrin 1979 og 1983 léku raugrenið grátt, en á tveimur sl. sumrum hefur útlit yngri trjáa batnað verulega.

Sitkagreni hefur átt mjög erfitt uppdráttar í Norðtunguskógi vegna sumarfrosta, sem drepa nyja árssprota. En einnig er jarðvegur of magur fyrir þessa tegund. Afföll hafa af þessum sökum verið mjög mikil.

Hvitgreni og hvitsitkagreni hafa átt erfitt uppdráttar eins og sitkagrenið og af sömu ástæðum.


Stafafura hefur spjarað sig best barrviða og þolir sumarfrostin allvel. Framan af leit út fyrir, að furulúsini myndi ekki ásækja stafafuruna að meini, en á síðustu árum hefur þetta breyst og erum við nú uggandi um framtíð stafafurunnar. Ber nú miklu meira á lúsinni á flestum afbrigðum furunnar en ádur. Sennilega er hægt að finna afbrigði, sem þola lúsinu, en sú leit getur tekið langan tíma.

Lerki hefur verið gróðursett í Norðtunguskógi. Afföll hafa orðið mikil vegna sumarfrosta. Enda bótt stöku tré hafi spjarað sig vel, eru litlar vonir bundnar við þessa tegund á þessum stað.

Alaskaösp hefur ekki verið reynd á landi K.B. en var gróðursett við græðireit Skógræktar ríkisins í skóginum. Hún hefur vaxið ágætlega enda miklu kostað til, þeði húsdýraáburði og tilbúnum áburði.

Niðurstöða þessara hugleiðinga er sú, að varla sé rétt, að kosta miklu til gróðursetningar erlendra trjátegunda í Norðtunguskógi, því að tvísynt er hvort nokkur þeirra geti skákað því náttúrlega birki sem þarna er. Þarna má sjá 8 - 10 m há birkitré og með gðóri hirðu gæti þarna vaxið ágætur birkiskágur.

Hreðavatni í apríl 1988


Haukur Ragnarsson